

Nr. 154 / 13 Lundey NS 14**Strandar á Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 0155 IMO nr. 5247316
 Smíðaður: Regensburg Þýskalandi 1960 strand
 Stærð: 835,96 brl. 1423,89 bt.
 Mesta lengd: 68,89 m Skráð lengd: 62,96 m
 Breidd: 10,40 m Dýpt: 7,94 m
 Vél: Wärtsila 4920 kW 1999
 Fjöldi skipverja: 15



Lundey ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrason og Pálma K. Jónssyni


Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:


Þann 27. október 2013 var Lundey á síldveiðum með hringnót á Breiðafirði.
 Veður: N- 9 m/sek.

Verið var að leita að síld á hægri ferð á Hofstaðarvogi og búið að taka einn hring grunnt innarlega í voginum. Skipstjóri ætlaði að taka annan hring aðeins innar en þar hafði hann orðið var síldar. Þegar skipið var komið nokkrar skipslengdir innar strandaði það og sat fast.

Reynt var að taka asdikstautinn upp og þegar búið var að dæla 50 til 70 tonnum af kælisjó úr fremsta miðjutank skipsins losnaði það. Skipinu var bakkað af strandstað og siglt til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipið risti 6,60 til 6,90 metra með þá lestun sem var um borð en það var eingöngu kældur sjór en enginn afli;



Dýpismæling á Hofstaðarvogi frá Sjósmælingum Íslands

- að skipið strandaði þegar komið var skammt upp fyrir 10 metra jafndýpislínuna en þar gryn timer fljótt upp í kant SV af Háey;
- að skipstjóri sagði að báðir asdikstautarnir hafi verið nær til hálfslakaðir niður og að ekki hafi náðst að draga þá upp í tíma;
- að síldarnótin sem skipið var með var 50 faðmar (93 metrar) á dýpt.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var óvarleg sigling á grunnsævi.

Nefndin telur það með öllu óeðlilegt að stundaðar séu veiðar með svo stóru veiðarfæri, sem síldarnótin er, á svo grunnu vatni að engu má muna að skip strandi eða taki niðri við veiðarnar.